

Hvatagreiðslur/frístundastyrkur hækka í 45.000 kr.



Bæjarstjórn Reykjanessbæjar hefur samþykkt að hvatagreiðslur fyrir foreldra barna á aldrinum 6 til 18 ára séu kr. 45.000.- frá 1. janúar 2022 til niðurgreiðslu á viðurkenndu íþróttá-, tómsunda- og listgreinastarfi. Úthlutun hvatagreiðslna/frístundastyrks fer fram í gegnum Hvata vefskráningar- og greiðslukerfi (Sportabler o.s.frv.).

Þegar nýskráningar hefjast (yfirleitt á haustin) er hægt að ráðstafa hvatagreiðslunni/frístundastyrknum. Þegar það er gert er mikilvægt að haka í reitinn „nota frístundastyrk“ ef foreldrar kjósa það. Þá dregst upphæðin frá æfingagjaldinu. Hvatagreiðslur/frístundastyrkur verða greiddar út mánaðarlega til íþróttá- og tómsundafélaganna í stað þess að greiðslan fari beint til foreldra eins og áður tíðkaðist.

Greiðslan getur að hámarki numið kostnaði við námskeið. Skilyrði er að um skipulagt starf sé að ræða, sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða kennara/leiðbeinanda. Einungis er hægt að nýta hvatagreiðslu/frístundastyrk einu sinni á hvert gjald.

Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili í Reykjanessbæ.

Hvatagreiðslur/frístundastyrkur sem búið er að ráðstafa í æfingagjöld er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra til viðkomandi.

Hvatagreiðslur/frístundastyrkur nýtast ekki fyrir Frístundaheimili skólanna.

Hafi viðkomandi ekki nýtt sér hvatagreiðslur/frístundastyrkur að hluta eða að fullu falla eftirstöðvar niður um áramót.

Allar fyrirspurnir tengdar hvatagreiðslum/frístundastyrk skal senda á netfangið hvatagreiðslur@reykjanessbaer.is

Ef iðkandi er að nýskrá sig í íþrótt þar sem æfingátímabilið er hálfnað eða langt liðið þá þarf viðkomandi að senda tölvupóst á hjordis@keflavik.is hamundur@umfn.is til að fá aðstoð við skráningu.

Fyrirspurnir vegna hvatagreiðslna/frístundastyrks skulu sendast á hvatagreiðslur@reykjanessbaer.is

Íþróttá- og tómsundafulltrúi

